

Efnisyfirlit

LANDSSAMTÖKIN GEÐHJÁLP 2018	2
Ráðgjöf	3
Hagsmunagæsla	3
Þekkingaruppbygging	4
Innra starf.....	6
FJÁRHAGUR.....	7
FRAMTÍÐIN.....	8

LANDSSAMTÖKIN GEÐHJÁLP 2018

Landssamtökin Geðhjálpar eru frjáls félagasamtök fólks með geðrænan vanda, aðstandenda þeirra, fagfólks og áhugafólks um bættan hag fólks með geðraskanir og geðfötlun. Markmið samtakanna er að stuðla að umbótum í geðheilbrigðisþjónustu og vinna að bættum hag fólks með geðrænan vanda, barna og fullorðinna, og aðstandenda þeirra.

Stofnfundur Geðhjálpar var haldinn þann 9. október árið 1979. Samtökin eiga því 40 ára starfsafmæli á árinu 2019. Um starfsemi Geðhjálpar fer samkvæmt lögum samtakanna, t.a.m. um árlegan aðalfund, hlutverk stjórnar og framkvæmdastjóra. Félagar í Geðhjálpar eru 2.737 talsins, 604 hefðbundir félagar og 2.737 styrktarfélagar með full félagaréttindi.

Aðalfundur Geðhjálpar var haldinn samkvæmt hefðbundinni aðalfundardagskrá þann 17. mars 2018. Eftirfarandi átta fulltrúar auk formanns skipuðu aðalstjórn félagsins eftir fundinn. Fjórir fulltrúar voru kosnir í varastjórn til eins árs.

Stjórn Geðhjálpar

Hrannar Jónsson, formaður

Sveinn Rúnar Hauksson, varaformaður

Áslaug Inga Kristinsdóttir

Bergþór Böðvarsson

Garðar Sölvi Helgason

Halldóra Pálsdóttir

Kári Auðar Svansson

Sylviane Lecoultré

Einar Þór Jónsson (til eins árs)

Varastjórn

Einar Björnsson

Maggý Hrönn Hermannsdóttir

Védís Drafnardóttir

Þórður Ingþórsson

Geðhjálp rak öfluga starfsemi á fjórum megin sviðum á árinu. Sviðin eru **ráðgjöf, hagsmunagæsla, þekkingaruppbygging** og síðast en ekki síst **innra starf**. Hér á eftir verður gerð frekari grein fyrir starfsemi hvers megin sviðs.

Ráðgjöf

Ráðgjafi og verktaki Geðhjálpar sinnti samtals 725 erindum á árinu 2018. Þar af voru 89 erindi leyst í gegnum símtöl. Fjöldi erinda sveiflaðist nokkuð á milli mánaða. Flest voru erindin á vetrar og vormánuðum. Erindum fækkaði vegna sumarleyfa yfir hásumarið og fjölgaði aftur með haustinu. Aftur fækkaði erindum vegna jóralokunar Geðhjálpar á milli jóla og nýárs.

Að baki erindanna voru 429 ráðþegar. Kynjahlutföllin héldust óbreytt frá árinu 2017. Konur voru áfram í meirihlutahópi. Þær voru 281 (66%), karlar voru 148 (34%). Yngsti ráðþeginn var 16 ára og sá elsti 82 ára. Meðalaldur í hópnum var 46 ár. Hver skjólstæðingur kom að meðaltali í 1.6 viðtöl (fækkaði úr 2.4 viðtölum árið 2017). Af hópnum voru 60% búsettir í Reykjavík og 18% til viðbótar í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Alls voru 14% búsettir utan höfuðborgarsvæðisins.

Af heildarfjölda skjólstæðinga voru 226 (51%) notendur geðheilbrigðisþjónustunnar og 221 (48%) aðstandendur. Eitt prósent töldust til annarra hópa. Algengustu erindi voru kvíði, þunglyndi og önnur geðræn veikindi. Notendur leituðu til dæmis ráðgjafa um réttindamál, veikindi og samskipti við fjölskyldu og vini. Aðstandendur voru oftast foreldrar að leita sér aðstoðar vegna geðrænna veikinda barna sinna en einnig bar mikið á neyslutengdum vanda. Tekin voru 50 fjölskylduviðtöl á tímabilinu.

Ráðgjöf á vegum Geðhjálpar er frí og stendur öllum almenningi til boða á almennum skrifstofutíma. Viðtöl eru tekin í húsnæðni Geðhjálpar við Borgartún 30.

Hagsmunagæsla

Hátt í 20% erinda til ráðgjafa sneru að hagsmunagæslu á árinu 2018. Afgreiðsla erindanna fólst í því að veita einstaklingum aðstoð við að leita réttar síns gagnvart opinberum aðilum, einka- og félagageiranum. Hagsmunagæsla gagnvart einstaklingum felur í sér persónulega nálgun og því eru erindin talsvert ólík í eðli sínu og oftast tímafrekari í vinnslu heldur en almenn ráðgjöf.

Almenn hagsmunagæsla fólst, m.a. í þátttöku í stefnumótun á vegum hins opinbera, umsögnum um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur, skýrslugjöf og þátttöku í opinberri umræðu. Þátttaka í stefnumótun fólst m.a. í formennsku fulltrúa Geðhjálpar í tveimur hópum út frá Stefnu- og aðgerðaráætlun í geðheilbrigðismálum til fjögurra ára um varnir gegn fordómum og viðmið til fjölmiðla, þátttöku fulltrúa Geðhjálpar í velferðarvakt Velferðarráðuneytisins, fagraði landlæknisembættisins, starfshópi um gagnreyndar aðferðir í sjálfsvígsforvörnum, aðalstjórn Öryrkjabandalagsins (ÖBÍ) og Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) ásamt þátttöku í þremur faghópum innan ÖBÍ.

Geðhjálp sendi frá sér nokkrar umsagnir um þingsályktanir og frumvörp til laga frá Alþingi á árinu. Umsagnirnar lutu allar að réttindarmálum fólks með geðrænan vanda og aðstandenda þeirra. Fyrst ber að nefna umsögn Geðhjálpar um frumvarp um ráðningu eins sálfræðings í hvert fangelsi á landinu frá því lok ársins 2018. Í umsögninni kemur fram að nauðsynlegt sé að veita auknu fjármagni til geðheilbrigðisþjónustu við fanga í fangelsum landsins, fanga á reynslulausn og aðstandendur fanga. Hins vegar telji Geðhjálp Fangelsismálastofnun best til þess fallna að taka ákvörðun um hvernig fénu verði best varið til að bæta þjónustuna.

Tvær umsagnir Geðhjálpar lutu að fjármálum á árinu. Annars vegar skoraði Geðhjálp á Alþingi að afnema svokallað krónu á móti krónu skerðingu í umsögn um breytingu á lögum um almannatryggingar frá 29. október. Hins vegar fögnuðu samtökin því að auknum fjármunum yrði varið til geðheilbrigðisþjónustu í umsögn um fjárlagafrumvarp fyrir árið 2018 í lok ársins 2017. Síðast en ekki síst hvatti Geðhjálp stjórnvöld til að lögfesta Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og endurskoða gildandi lögræðislög til samræmis við samninginn í umsögn um tillögu til þingsályktunar um lögfestingu samningsins frá 8. október.

Stjórn Geðhjálpar sendi frá sér fjölmörg bréf og tilkynningar á árinu. Geðhjálp og Öryrkjabandalag Íslands skoruðu á Seltjarnarnesbæ að veita íbúum Bjargs með geðrænan vanda þjónustu í nóvember. Ágreiningi um þjónustu við íbúanna hefur verið vísað til úrskurðar sveitarstjórnarmálaráðuneytisins. Tvö bréf Geðhjálpar fólu í sér áskorun til velferðarráðs Reykjavíkurborgar um að bæta aðstæður utangarðsfólks. Annars vegar var skorað á ráðið að koma á fót dagúrræði fyrir fólk með tvíþættan vanda. Hins vegar var skorað á ráðið að tryggja húsnaði, bæta þjónustu og almennar aðstæður þessa hóps.

Geðhjálp stóð í bréfaskriftum við heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins í tengslum við stofnun geðheilsuteymis fyrir austurborg Reykjavíkur á árinu. Þar er áhersla lögð á að hagsmunir notenda séu hafðir að leiðarljósi í þróun og rekstri teymisins og notendur geðheilbrigðiskerfisins séu ráðnir til starfa innan þess. Síðast en ekki síst brást Geðhjálp við skýrslu heilbrigðisráðherra um geðheilbrigðismál í lok júní. Þar lýsir stjórnin m.a. vonbrigðum sínum með hversu hægt gangi að framkvæma aðgerðir í gildandi Stefnu og aðgerðaráætlun í geðheilbrigðismálum til fjögurra ára.

Þekkingaruppbygging

Ríkur þáttur í starfsemi Geðhjálpar felst í þekkingaruppbyggingu, þ.e. miðlun þekkingar til notenda, aðstandenda, fagfólks og alls almennings.

Geðhjálp gekkst fyrir tveimur fjölmönnum málþingum á árinu 2018. Húsfylli var á málþingi samtakanna og Virk undir yfirskriftinni *Þegar kona brotnar* á Grand hóteli þann 18. maí. Fjallað um geðheilbrigði kvenna út frá ólíkum sjónarhornum og ýmsar leiðir til lausnar kynntar til sögunnar. Heiðursfyrirlesari á málþinginu var Coretta Doctor, notandi geðheilbrigðisþjónustunnar, fyrirlesari og rithöfundur frá Bandaríkjunum. Töluvert var fjallað um málþingið í fjölmiðlum.

Þrír erlendir fyrirlesarar héldu erindi á málþingi Geðhjálpar undir yfirskriftinni *Vatnaskil/A Watershed* á Hótel Natura þann 1. febrúar. Dainius Puras, sérstakur skýrslugjafi Sameinuðu þjóðanna, fjallaði um breyttar áherslur í hugmyndafræði geðheilbrigðisþjónustu út frá skýrslu sinni til Sameinuðu þjóðanna um réttindi hvers manns til að njóta mögulegrar líkamlegrar og andlegrar heilsu. Hægt er að nálgast íslenska þýðingu skýrslunnar og upptökur af málþingum Geðhjálpar á heimasíðu samtakanna www.gedhjalp.is.

Í framhaldi af erindi Puras fjallaði Peter Kinderman, prófessor við Liverpool-háskóla og varaformaður breska sálfræðingafélagsins, um stefnumið andlegrar og líkamlegrar vellíðunar. Þá fjallaði Fiona Morrissey, lögfræðirannsakandi, um fyrirframgerða ákvarðanatöku. Síðast en ekki síst fjölluðu Jónína Sigurðardóttir og Ágúst Kristján Steinarsson um sjónarhorn notenda. Erlendu gestirnir funduðu með landlækni, nokkrum fulltrúum landlæknisembættisins og velferðarráði Alþingis í Íslandsheimsókninni.



Um 30 manns tóku þátt í WHO námskeiðinu.


Fiona Morrissey sótti Íslendinga aftur heim þegar hún hélt fjögurra daga námskeið í mannréttindamiðaðri geðheilbrigðisþjónustu á vegum Geðhjálpar, Reykjavíkurborgar og geðsviðs Landspítalans í júní. Þrjátíu manns sóttu námskeiðið í húsakynnum Reykjavíkurborgar við Borgartún. Þrír notendur geðheilbrigðisþjónustunnar fluttu innlegg á námskeiðinu.

Geðhjálp stóð ásamt öðrum félagasamtökunum og stofnunum fyrir eftirfarandi öðrum viðburðum á árinu:

- *70 ára afmæli Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna* í samstarfi við samstarfshóp félaga á sviði mannréttinda í Veröld, húsi Vigdísar Finnbogadóttur, þann 10. desember.
- *Innilokun fatlaðs fólks á sólarhringsstofnunum og í fangelsum* í samstarfi Rannsóknarsetur í fötlunarfræðum við HÍ, Þroskahjálp og fleiri aðila í Ráðhúsi Reykjavíkur þann 4. október.
- *Dulin áhrif erfiðrar reynslu í æsku á heilsufar á fullorðinsárum* með Geðverndarfélagi Íslands í sal DeCode á Alþjóða geðheilbrigðisdeginum þann 10. október.
- *Stöndum saman gegn sjálfsvígum* í samstarfi við undirbúningshóp undir dagskrá í tilefni af Alþjóðlegum forvarnardegi sjálfsvíga þann 10. september.
- *Kyrrðarstund* í Dómkirkju Reykjavíkur í samstarfi við undirbúningshóp undir dagskrá í tilefni af Alþjóðlegum forvarnardegi sjálfsvíga þann 10. september.
- *Í nýju landi/W nowym kraju* í samstarfi við sjálfhjálparhóp Pólverja og Sendiráð Pólverja á Íslandi í húsakynnum sendiráðsins þann 3. nóvember.

Geðhjálp gaf út upplýsingabækling og veggspjald um afleiðingar áfalla og erfiðra heimilisaðstæðna á andlega og líkamlega heilsu og félagsaðstæður fólks í október. Efnið var unnið í samvinnu við dr. Margréti Ólafíu Tómasdóttur, heimilislækni, og Önnu Maríu Jónsdóttur, geðlækni. Því hefur verið dreift til allra heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa á landinu. Bæklingurinn var sérstaklega kynntur á dagskrá Geðhjálpar og Geðverndarfélags Íslands á Alþjóða geðheilbrigðisdaginn 10. október og á fræðadögum heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins í nóvember.

Geðhjálp og Hjálparsími Rauða kross Íslands 1717 standa sameiginlega að Útmeð'a. Markmið forvarnarverkefnisins er að hvetja ungt fólk með sérstakri áherslu á unga karlmenn til að tjá sig um erfiða andlega líðan í því skyni að stíga fyrsta skrefið til að leita sér hjálpar. Útmeð'a gekkst fyrir tveimur verkefnum á árinu. Fyrra verkefnið fól í sér gerð myndbands um einelti, kvíða og þunglyndi og leiðir til lausna á heimasíðu átaksins. Myndbandið var birt á samfélagsmiðlum og í Ríkissjónvarpinu í sumarbyrjun.



Útmeð'a peysurnar flugu út eins og heitar lummur.

Seinna verkefnið fól í sér að aðstandendur Útmeð'a fengu Viktor Weisshappel til að hanna peysur undir merkjum Útmeð'a. Viktor hannaði 13 tegundir af bótum, *patches*, með orðum yfir erfiða líðan til að strauja á háskólaboli í þremur litum (hvítu, svörtu og rauðu) eða aðrar flíkur. Markmiðið með verkefninu var að hvetja ungt fólk og raunar allan almenninga til að bera líðan sína með stolti.

Óhætt er að segja að verkefnið hafi hlotið frábærar viðtökur meðal ungs fólks og seldist t.a.m. fyrsta pöntunin upp á frumsýningu Peysuverkefnisins í Listasafni Reykjavíkur þann 15. september. Peysurnar voru seldar í tveimur verslunum Húrra á Hverfisgötu á seinnihluta ársins og í Peysupartíum í Reykjavík og á Egilsstöðum. Nú eru peysurnar til sölu í húsakynnum Geðhjálpar.

Innra starf

Geðhjálp leggur ríka áherslu á að halda góðum tengslum við félagi í samtökunum og almenning. Gestir eru ætíð velkomnir, boðið er upp á kaffi og spjall. Ráðgjafi veitir ekki aðeins ráðgjöf í gegnum viðtöl í húsakynnum samtakanna heldur einnig í gegnum síma, tölvupóst, facebooksíðu og skype- samtöl. Framkvæmdastjóri sendir reglulega samskiptapóst til allra félagi með rafrænum hætti. Þar er gerð grein fyrir starfsemi samtakanna, hvað áunnist hefur í helstu baráttumálum og viðburðum framundan.



Hrannar Jónsson, formaður Geðhjálpar, flytur inngang á erindi um afleiðingar áfalla á heilsu fullorðinna.

Geðhjálparblaðið er gefið út á hverju ári í tengslum við afmæli samtakanna og Alþjóða geðheilbrigðisdaginn 10. október. Blaðinu hefur verið dreift með Fréttablaðinu síðustu ár. Aðalfundur Geðhjálpar er jafnan haldinn upp úr miðjum marsmánuði ár hver.

Eftirtaldir viðburðir fyrir félaga og gesti þeirra voru haldnir í húsakynnum Geðhjálpar á árinu:



Samráðsvettvangur geðúrræðanna tók frambjóðendur til sveitarstjórnarkosninga í Reykjavík á beinið í apríl.

- *Opið hús hjá Geðhjálp í tilefni jólahátíðarinnar 19. desember.*
- *Bókaupplestur undir yfirskriftinni Geggjaðar bækur þann 4. desember.*
- *Hugleiðingar um andlegar upplifanir þann 13. nóvember.*
- *Fyrirlestur undir yfirskriftinni Karlmenn verða líka fyrir ofbeldi þann 29. maí.*
- *Dagskrá í tilefni af alþjóðlegum Emerging Proud deginum þann 12. maí.*
- *Undirbúningsfundur undir stofnun trúnaðarráðs Geðhjálpar þann 14. apríl.*
- *Pólitíkin tekin á beinið í samstarfi við Samráðsvettvang geðúrræðanna á höfuðborgarsvæðinu í húsakynnum Geðhjálpar þann 17. apríl 2018.*
- *Aðalfundur Geðhjálpar þann 17. mars.*
- *Bingó Geðhjálpar þann 20. febrúar.*

Síðast en ekki síst hýsti Geðhjálp starfsemi fjögurra sjálfshjálparhópa utan skrifstofutíma í húsakynnum sínum við Borgartún 30 á árinu, þ.e. geðhvarfahóps, kvíðahóps, tilveruhóps og sjálfshjálparhóp innflytjenda af fyrstu kynslóð Pólverja með geðrænan vanda.

Geðhjálp hlaut styrk frá Próunarsjóði innflytjendamála til að styðja við starfsemi síðastnefnda hópsins á árinu. Pólski sálfræðingurinn Katarzyna Kudrizka heldur utan um hópinn og býður upp á fría ráðgjöf á pólsku fyrir fundi hópsins fyrsta og þriðja fimmtudag í mánuði. Geðhjálpar og sjálfshjálparhópurinn stóðu í samvinnu við Sendiráð Pólverja á Íslandi fyrir opnum viðburði á pólsku um andlegt álag við að flytjast á milli landi og þjónustu Reykjavíkurborgar þann 3. nóvember, sjá lista yfir viðburði í kafla um hagsmunagæslu.

FJÁRHAGUR

Rekstrartekjur Geðhjálpar námu 82.795.996 kr. á árinu. Af þeim námu styrkir frá ríki og Reykjavíkurborg samtals 22.000.000 kr. Aðrar tekjur námu 60.795.996 kr. eða 4.631.364 kr. hærri upphæð en árið á undan. Þar bar hæst 38.066.216 kr. framlag styrktarfélaga í gegnum styrktarsöfnun Miðlunar og 8.509.147 kr. framlag til Útmeð'a forvarnarverkefnis Geðhjálpar og Hjálparsíma Rauða kross Íslands. Hagnaður af reglulegri starfsemi Geðhjálpar á árinu nam 22.690.789 kr. og hefur aldrei verið hærri. Eignir félagsins námu samtals tæplega 180,4 mkr. í lok ársins 2018. Minnt er á að fyrir liggur samþykkt stjórnar um kaup á húsnæði fyrir Bataskóla

Íslands að upphæð allt að 60 mkr. gegn því skilyrði að Bataskólinn greiði lágmarksleigu fyrir afnot af húsnæðinu.

FRAMTÍÐIN

Farsæl uppbygging hefur orðið í starfsemi Landssamtakanna Geðhjálpar á allra síðustu árum. Félagafjöldi hefur margfaldast, tekjur aukist, traust, sýnileiki og árangur vaxið til muna frá því fráfarandi formaður tók við formennsku fyrir sex árum. Árangur Geðhjálpar hefur ekki farið framhjá áhugafólki á sviði félagarekstrar og almenningi. Ekki kemur því á óvart að Geðhjálpar hafi fallið í skaut nokkrar viðurkenningar fyrir starfsemi sína á árinu.

Hæst bar að Almannaheill, samtök þriðja geirans, útnefndu Geðhjálpar *Fyrirmyndina 2018* á tíu ára afmæli samtakanna í nóvember. Í rökstuðningi dómnefndar segir að starfsemi Geðhjálpar sé skipulögð og val samtakanna á verkefnum og útfærsla þeirra fagleg. Eftirtekt veki að upplýsingar um fjármál félagsins séu aðgengilegar. Góður árangur Geðhjálpar birtist í velvild og trausti samtakanna meðal þeirra sem þau starfi fyrir, stuðningsaðilum og samstarfsaðilum.

Geðhjálpar hlaut tvær viðurkenningar á Hvatningarverðlaunahátíð Öryrkjabandalags Íslands í desember. Annars vegar hlaut Bataskóli Íslands Hvatningarverðlaun Öryrkjabandalagsins í flokki fyrirtækja og stofnana. Geðhjálpar vann ötulega að stofnun skólans og stýrir honum í samstarfi við Reykjavíkurborg, Háskóla Íslands, geðsvið Landspítalans, Samráðsvettvang geðúrræðanna og aðra fulltrúa notenda. Hins vegar var svokallað Peysuverkefni Útmeð'a tilnefnt til verðlauna í flokki verkefna innan Öryrkjabandalagsins. Peysuverkefnið felur í sér hvatningu til ungs fólks um að bera andlega líðan sína með stolti, sjá Útmeð'a á facebook.



Nokkrir fulltrúar Bataskóla Íslands við verðlaunaafhendinguna, f.v. Anna G. Ólafsdóttir, Kristjana Gunnarsdóttir og Iðunn Antonsdóttir úr framkvæmdastjórn BÍ, Þorsteinn Guðmundsson, verkefnisstjóri, Sigrún Sigurðardóttir, jafningafræðari og Helga Arnardóttir kennari. ÖBI / Silja – (Ljósmyndir Rutar og Silju)

Í samræmi við aukna starfsemi Geðhjálpar hefur starfsmönnum samtakanna fjölgað á síðustu árum. Fimm starfsmenn störfuðu fyrir Geðhjálpar á árinu 2018. Framkvæmdastjóri og ráðgjafi voru í fullu starfi, tveir verkefnisstjórar í 75% starfi og ræstingar- og móttökustjóri í 20% starfi. Verktaki tók við hluta ráðgjafarinnar þegar fastráðinn ráðgjafi fór í fæðingarorlof í september. Ráðgjafinn mun koma aftur til starfa í júlí 2019.

Landssamtökin Geðhjálpar standa á tímamótun í fleiri en einum skilningi á árinu. Formaður og varaformaður samtakanna láta af stjórnarstörfum fyrir samtökin eftir margra ára farsælt starf á aðalfundinum þann 16. mars 2019. Stjórn og starfsmenn færa þeim og öðrum fráfarandi stjórnarmönnum sínar bestu þakkir fyrir samstarfið á liðnum árum.

Með sama hætti felast tímamót í 40 ára afmæli Geðhjálpar á árinu. Haldið verður upp á afmælið með menningarveislu undir merkjum *Crazy Culture* dagana 19. – 22. september næstkomandi eða tveimur vikum fyrir formlega afmælisdaginn þann 9. október. Komið verður á framfæri geggjaðir menningu með fjölbreyttum hætti fyrir alla aldurshópa í formi frásagna, tónlistar, myndlistar og með öðrum hætti.

Geðhjálpar hefur náð eftirtektarverðum árangri í baráttu sinni fyrir betri aðstæðum fólks með geðrænan vanda á síðustu 40 árum. En betur má ef duga skal, samtökin standa frammi fyrir fjölmörgum verðugum áskorunum á næstunni. Þar ber hæst baráttuna fyrir heildarendurskoðun gildandi lögræðislaga, bættum kjörum öryrkja og aukinni aðkomu notenda að stefnumótun og framkvæmd þjónustunnar. Með sama hætti ríður á að halda áfram fyrirbyggjandi uppbygging, t.a.m. í tengslum við frekari þróun Bataskóla Íslands.

Með traustan bakhjarl og öfluga liðsheild ætti Geðhjálpar ekkert að vera að vanbúnaði til að halda uppbyggingu sinni og baráttu ótrauð áfram í þeirri vissu að geta stuðlað að enn frekari framförum í málaflokknum á næstu árum.

Fyrir hönd Geðhjálpar,
Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri.

